



# Skólastefna Kópavogsbæjar

ÁBYRGÐ VIRÐING VELFERÐ

## INNGANGUR

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá skulu sveitarfélög móta sér skólastefnu sem tekur mið af aðstæðum á hverjum stað og þeim áherslum sem þau vilja hafa að leiðarljósi. Skólanefnd hefur, í umboði sveitarstjórnar, unnið að mótun skólastefnu fyrir Kópavogsbæ sem tekur mið af skilgreiningu aðalnámskrár á grunnþáttum menntunar.

Skólanefnd afmarkaði hlutverk stefnu og setti gildi sem stefnan skyldi grun+dvallast á. Gildin eru **ábyrgð, virðing, velferð**.

Framtíðarsýn byggist á hlutverki stefnunnar og gildum hennar og skiptist í sex efnisþætti; *nám við allra hæfi, fjölbreytni og samstarf, skapandi skólastarf, mat og árangur, líðan og velferð nemenda og lýðræði*. Hverjum þætti fylgir framkvæmdaráætlun.

Við mótun framtíðarsýnar var haft viðtækt samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins. Meðal annars var haldinn fjölmennur hugarflugsfundur þar sem saman komu fulltrúar skólastjórnenda, foreldra, kennara og skólanefndar.

Með hliðsjón af aðalnámskrá grunnskóla og skólastefnu Kópavogs móta grunnskólarnir sína stefnu með þeim séráherslum sem viðkomandi skóli ákveður og birtir í skólanámskrá. Grunnskóladeild menntasviðs mun semja starfsáætlun sína á grunni skólastefnu Kópavogsbæjar.

## HLUTVERK

- Grunnskólar Kópavogs gegna því hlutverki að veita nemendum alhliða menntun og stuðla að þroska þeirra í samstarfi við heimilin.
- Hlutverk skólanna er einnig að virkja sköpunarkraft nemenda, efla samfélagslega ábyrgð, umburðalyndi og skilning á mikilvægi sjálfbærs samfélags.
- Skólarnir hafa velferð nemenda og starfsmanna að leiðarljósi og stuðla að menntun til sjálfbærni.

# FRAMTÍÐARSÝN til 2017

## Nám við allra hæfi

- Skipulag náms og kennslu tekur mið af margbreytileika. Við val á kennsluháttum og kennsluaðferðum er tryggt að komið sé til móts við námsþarfir, áhugasvið og námsstíl nemenda.
- Nemendur fá tækifæri til að nýta hæfileika sína og sérstöðu í námi.
- Nemendur vinna út frá markmiðum og eru, ásamt foreldrum sínum, ábyrgir fyrir eigin námi í samvinnu við kennara-

## Fjölbreytni og samstarf

- Grunnskólar marka sér sérstöðu í samræmi við eigin gildi.
- Nemendur eiga valkosti í námi.
- Samstarf milli skólastiga er fastur liður í starfi skóla.
- Sveigjanleg mörk eru á milli skólastiga og milli bóklegs náms og list- og verknáms.

## Skapandi skólastarf

- Skólastarf einkennist af leit að nýjum möguleikum og viðfangsefnum. Skólarnir vinna að því að efla gagnrýna hugsun og frumkvæði nemenda.
- Menning barna nýtur virðingar og er gerð sýnileg.
- Aðstaða og umhverfi í skólunum styðja við list- og verknám, samþættingu námsgreina og skapandi vinnu.

## Mat og árangur

- Skólastarf einkennist af fjölbreytni, gæðum og fagmennsku. Nemendur og skólar stefna að því að ná sem bestum árangri á öllum sviðum.
- Skólinn er í stöðugri þróun þar sem áhersla er lögð á fagmennsku og endurmenntun starfsfólks.

## Líðan og velferð nemenda

- Skólarnir leggja sig fram um að skapa góðan skólabrag sem einkennist af virðingu og jákvæðum og uppbyggilegum aga þar sem hver nemandi finnur mátt sinn og megin.
- Skapa þarf góð tengsl milli foreldra og skóla í þeim tilgangi að bæta velferð nemenda.

## Lýðræði

- Starfshættir skóla mótast af lýðræðislegum vinnubrögðum og samstarfi allra aðila

skólasamfélagsins.

- Skólastarf mótast af anda jafnréttisлага þar sem réttur einstaklingsins er virtur.
- Kennsluaðferðir skulu ýta undir gagnrýna hugsun og þjálfa nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum.

## Framkvæmdaáætlun til 2015

### Verkefni

### Birtingamynd

#### Nám við allra hæfi

- Grunnskólar setji sér stefnu varðandi kennslu- aðferðir og kennsluhætti sem miða að því að koma til móts við þarfir nemenda með ólíkan námsstíl.
- Stefna og fyrirkomulag sérfræðiþjónustu ásamt stuðningi við nemendur í skóla án aðgreiningar verði yfirfarin.
- Fræðsla og þróunarverkefni verði skipulögð til að stuðla að fjölbreyttari kennsluháttum.



Stefna skóla birtist í skólanámskrá og á heimasíðum skólanna haustið 2015.



Endurskoðuð stefna birtist á heimasíðu Kópavogs 2014.



Aukin þekking kennara á mismunandi námsleiðum fyrir nemendur.

#### Fjölbreytni og samstarf

- Sérstaða hvers skóla verði gerð sýnileg.
- Unnið verður að því að skapa virkt samstarf milli skóla, menningarstofnana og íþrótt- og tómsfundafélaga.
- Skoðuð verði samfella í námi nemenda milli skólastiga og sveigjanleika í námi þeirra.



Sérstaða skóla er skýr í skólanámskrá og á heimasíðu haustið 2015.



Greinargerð grunnskóladeildar vor 2014.



Skýrsla á vormisseri 2015.

#### Skapandi skólastarf

- Staðið verði að nýsköpunarkeppni meðal nemenda.
- Nemendaping verði skipulagt í samstarfi við grunnskólana.
- Unnið verði að samstarfi milli sviða bæjarins til að styðja við og gera menningu barna sýnilegri.



Viðurkenningar veittar í maí 2015.



Nemendaping verði haldið vorið 2015.



Viðburðadagskrá fyrir skólaárið 2014 -2015 verði lögð fram vor 2014.

#### Mat og árangur

- Skólunum til framdráttar verði fundin leið til að nýta niðurstöður viðhorfskannana meðal nemenda, foreldra og starfsfólks .
- Stofnaður verði sjóður sem skólar geta sótt í til að þróa skólastarf og efla enn frekar fagmennsku í starfi.



Tillögur að framsetningu og úrvinnslu verði settar fram vor 2014.



Skólar geti sótt um styrk til sjóðs

## Líðan og velferð nemenda

- Grunnskólarnir geri grein fyrir, í skólanámskrá og starfsáætlun, hvernig þeir skapa jákvæðan skólabrag.
- Leitað verði samstarfs við önnur svið bæjarins og skólana til að hrinda af stað verkefni sem miðar að því að börn gangi, hjóli og noti strætisvagna í meira mæli.
- Sérstökum athygli á mikilvægi velferð nemenda verður vakin með árlegum velferðardegi.

➤ Stefna birtist í skólanámskrá og áætlun hvers árs í starfsáætlun.

➤ Skýrsla þróunarverkefnis.

➤ Ráðstefna um velferð nemenda verður haldin haustið 2015.

## Lýðræði

- Í skólanámskrá og starfsáætlun geri skólar grein fyrir samstarfi við foreldra og aðra aðila skólasamfélagsins.
- Leitað verði leiða til að efla samstarf við foreldrasamtök.
- Nemendur fái tækifæri til að kynna sér skipulag og störf sveitarstjórna.
- Skipulagt verði nemendaping þar sem málefni barna og unglinga verða rædd.

➤ Stefna birtist í skólanámskrá og áætlun hvers árs í starfsáætlun.

➤ Koma á föstum fundum með stjórn Samkóp og starfsmönnum grunnskóladeildar.

➤ Á skólaárinu 2014 -2015 verði tilbúið verkefni fyrir ákveðna árganga í samvinnu við grunnskólana um stjórnsýslu Kópavogs.

➤ Árlegt þing nemenda